

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 970/2014****2015/EES/34/25****frá 12. september 2014****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við  
starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) <sup>(1)</sup>, einkum 11. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) <sup>(2)</sup>, einkum 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 551/2004 er kveðið á um að starfsemi neta skuli miða að því að bæta heildarframmistöðu netanna fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og styðja við framtaksverkefni á landsvísu og innan starfrænu loftrýmis-umdæmanna.
- 2) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 <sup>(3)</sup> átti framkvæmdastjórnin að endurskoða skilvirkni framkvæmdar í tengslum við starfsemi neta eigi síðar en 31. desember 2013 og taka tilhlýðilegt tillit til viðmiðunartímabíla frammistöðukerfisins. Fyrsta endurskoðun undirstrikaði þörf á úrbótum á tengdum regluramma á nokkrum sviðum, einkum verkefnum, stjórnunarháttum og fjárhagsáætlun netstjórnandans ásamt tengslum við þriðju lönd.
- 3) Verkefni, sem netstjórnandanum hefur verið úthlutað, krefjast starfsáætlunar til margra ára og tilheyrandi fjárhagsáætlunar, vinnutílhögunar netstjórnanda og útfærslustjórnanda og sérstakrar starfsemi til að greina öryggisáhættu á vettvangi netsins. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir í þessu sambandi.
- 4) Taka ætti viðeigandi tillit til markmiða skipulagsáætlunar neta í viðskiptaáætlunum hagsmunaaðila í flugrekstri. Einnig ætti að skýra málsmeðferðina við samþykkt þessarar áætlunar.
- 5) Stjórnarnefnd netanna ætti að njóta rekstrarlegrar ráðgjafar framkvæmdastjóra hagsmunaaðila í flugrekstri.
- 6) Stjórnarnefnd netanna ætti að koma á fót, með óyggjandi hætti, starfsáætlun til margra ára fyrir netstjórnandann og frammistöðuáætlun netanna, á grundvelli draga sem netstjórnandinn semur. Síðan á að leggja frammistöðuáætlun netanna fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2013<sup>(4)</sup>. Stjórnarnefnd netanna ætti einnig að gefa álit sitt á þeirri viðbótarstarfsemi sem netstjórnandanum gæti verið falin og um fyrirkomulag samstarfs við þriðju lönd.
- 7) Til þess að draga úr áhrifum af völdum hættuástands netsins ætti evrópski samráðshópurinn vegna hættuástands í flugi (e. *European Aviation Crisis Coordination Cell* (EACCC)) að hafa samráð við net tengiliða viðkomandi ríkis og halda áfingur vegna hættuástands til að sjá fyrir þegar raunverulegt hættuástand netsins skapast.
- 8) Fjárhagsáætlun netstjórnandans ætti að vera með þeim hætti að hann geti uppfyllt markmiðin, sem skilgreind eru í frammistöðukerfinu, og framkvæmt starfsáætlun sína. Ef aðillinn, sem er skipaður netstjórnandi, sinnir einhverri annarri starfsemi ætti fjárhagsáætlun hans að vera aðgreind frá fjárhagsáætlun hvers konar annarrar starfsemi hans.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 272, 13.9.2014, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 (Stjtið. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2013 frá 3. maí 2013 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta (Stjtið. ESB L 128, 9.5.2013, bls. 1).

- 9) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 677/2011 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

## SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 677/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað i-liðar komi eftirfarandi:

„i. veita mismunandi hagsmunaaðilum í flugrekstri stuðning í tengslum við þær skyldur sem lagðar eru á herðar þeim við innleiðingu kerfa og verklagsreglna fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og/eða flugleiðsöguþjónustu (ATM/ANS), í samræmi við evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar, einkum sameiginlegu verkefni sem eru tilgreind í 3. mgr. 15. gr. a í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 (\*),“.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10).

- b) Eftirfarandi l- til q-liður bætist við:

„l) þróa og viðhalda starfsáætlun og tilheyrandi fjárhagsáætlun til margra ára,

m) stuðla að útfærslu SESAR-verkefnisins í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013 (\*), einkum a-lið 7. mgr. 9. gr.,

n) hrinda starfsáætluninni og árlegu fjárhagsáætluninni í framkvæmd,

o) semja frammistöðuáætlun netanna í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 390/2013,

p) greina öryggishættur tengdar flugrekstri á vettvangi netanna og meta tilheyrandi öryggishættu netanna,

q) sjá framkvæmdastjórninni fyrir viðvörðunarkerfi, sem byggist á greiningu á flugáætlunum, til að vakta hvort flugrekstrarbanni, sem sett hefur verið á flugrekendur, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (\*\*), sé fylgt og/eða öðrum öryggis- og verndarráðstöfunum.“

(\*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013 frá 3. maí 2013 um skilgreiningu sameiginlegra verkefna, um ákvörðun stjórnunarháttanna og um tilgreiningu hvata sem styðja við framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar (Stjtið. ESB L 123, 4.5.2013, bls. 1).

(\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB (Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15).

- 2) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

- a) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Skipulagsáætlun netanna skal byggjast á leiðbeinandi sniðmátinu sem sett er fram í IV. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja hana í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 eftir að stjórnarnefnd netanna hefur stutt drögin að skipulagsáætlun netanna.“

- b) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við:

„5. Hagsmunaaðilar í flugrekstri skulu taka tilhlýðilegt tillit til skipulagsáætlunar netanna.“

- 3) Eftirfarandi málsliður bætist við 1. mgr. 14. gr.:

„Koma skal á fót vinnuhóp, sem er skipaður rekstrarstjórnendum hagsmunaaðila í flugrekstri og/eða fulltrúum sambærilegra samtaka, til að veita stjórnarnefnd netanna rekstrarlega ráðgjöf.“

- 4) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:
- „a) að styðja drögin að skipulagsáætlun netanna,“
- ii. Eftirfarandi liður bætist við 1. mgr.:
- „o) að samþykkja starfsáætlunina, sem um getur í l-lið 1. mgr. 4. gr. og vakta framkvæmd hennar,
- p) að samþykkja frammistöðuáætlun netanna sem um getur í o-lið 1. mgr. 4. gr.,
- q) að gefa álit á hugsanlegri viðbótarstarfsemi sem netstjórnandanum gæti verið falin samkvæmt 3. mgr. eða c-lið 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004,
- r) að samþykkja samstarfsfyrirkomulagið sem um getur í 22. gr.“
- b) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:
- „8. Stjórnarnefnd netanna skal samþykkja ákvarðanirnar, sem um getur í a- til d-lið, g-, i-, l-, m- og o- til r-lið 1. mgr., með einföldum meirihluta fulltrúa sinna.“
- 5) Í stað 2. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:
- „2. Af fastafulltrúum í evrópska samráðshópnum vegna hættuástands í flugi skal vera einn fulltrúi frá því aðildarríki sem fer með formennsku í ráðinu, einn fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar, einn fulltrúi Flugöryggisstofnunarinnar, einn fulltrúi Evrópustofnunarinnar um öryggi flugleiðsögu, einn fulltrúi netstjórnandans, einn fulltrúi hersins, einn fulltrúi veitenda flugleiðsöguþjónustu, einn fulltrúi flugvalla og einn fulltrúi loftrýmisnotenda.“
- 6) Ákvæðum 2. mgr. 19. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:
- „b) að styðja við að viðbragðsáætlanir verði virkjaðar og samræmdar á vettvangi aðildarríkjanna, einkum fyrir tilstuðlan nets tengiliða í viðkomandi ríki,“
- b) Eftirfarandi liður bætist við:
- „f) að skipuleggja, stuðla að og/eða framkvæma samþykkt áætlun um æfingar á sviði hættustjórnunar þar sem þátttakendur eru aðildarríkin og hagsmunaaðilar í flugrekstri, til að sjá fyrir þegar raunverulegt hættuástand netsins skapast.“
- 7) Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:
- „22. gr:

#### **Tengsl við þriðju lönd**

1. Þriðju lönd, ásamt hagsmunaaðilum í flugrekstri, geta tekið þátt í starfi netstjórnandans.
2. Netstjórnandinn getur, þegar það hefur bein áhrif á frammistöðu netanna, stofnað til samkomulags um samstarf við veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í 21. mgr. 2. gr. innan Evrópusvæðis (ICAO EUR) og Afríku- og Indlandshafssvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO AFI).
3. Til þess að netstjórnandinn geti betur sinnt verkefninu í tengslum við flæðisstjórnun flugumferðar, sem um getur í 5. mgr. 3. gr., þar sem það hefur bein áhrif á frammistöðu netanna, getur hann einnig stofnað til samkomulags um samstarf við veitendur flugleiðsöguþjónustu á öðrum svæðum en á Evrópusvæði og Afríku- og Indlandshafssvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, svo framarlega sem samstarfið tengist beint því að bæta frammistöðu netanna.“
- 8) Í stað 23. gr. komi eftirfarandi:
- „23. gr:

#### **Fjármögnun og fjárhagsáætlun netstjórnandans**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fjármagna starfsemi neta sem er falin netstjórnandanum á grundvelli flugleiðsögujalds. Netstjórnandinn skal ákvarða útgjöld sín með skýrum og gagnsæjum hætti.

2. Fjárhagsáætlun netstjórnandans skal m.a. vera:
  - a) fullnægjandi svo hann geti uppfyllt frammistöðumarkmiðin fyrir netstjórnandann í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 390/2013,
  - b) fullnægjandi svo hann geti framkvæmt starfsáætlun netstjórnandans, eins og um getur í l-lið 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar,
  - c) í aðskildu bókhaldi ef aðilinn, sem er skipaður netstjórnandi, sinnir annarri starfsemi en þeirri sem um getur í 4. gr.
3. Ef fjárhagsáætlun yfirstandandi árs fær ekki stuðning skal netstjórnandinn gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja viðbragðsfyrirkomulag vegna rekstrarsamfellu starfsemi neta.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. september 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---